

Siglingaráð

8. fundur

Dags.: 6. September 2018, kl. 13:00 til 15:10 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), J. Snæfríður Einarsdóttir (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna) Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofu).

Forföll: Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Björn Freyr Björnsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti).

Lagt var fram:

1. Fundargerð 7. fundar Siglingaráðs (Áp sendi í tölvupósti)
2. Drög að öryggisáætlun sjófarenda 2019-2030
3. Umsókn um styrk, Hefring ehf. (Áp sendi í tölvupósti).
4. Útboðslýsing og tilboð í ISM öryggisstjórnunarkerfis fiskiskipa. Öryggishandbókarhópur.
5. Fjárhagsstaða verkefnis

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

Ásbjörn setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingu um fjarveru HSS á fundinum..
2. Samgönguáætlun – Siglingaöryggi
Áp skýrði þær breytingar sem orðið hafa á Samgönguáætlun, þ.e. stefna til 15 ára og aðgerðir til 5 ára, uppfært á minnst 3ja ára fresti sem tryggir betri tengsl við fjármálaáætlun. Nokkur umræða varð um markmiðin og mælikvarða þar undir, sérstaklega um alvarleg slysum á sjó, skilgreiningu og grunnmælingu. ÓR gerði grein fyrir EMCIP slysskráningarkerfinu sem er að komast í gagnið hjá Samgöngustofu og mun safna upplýsingum frá Sjúkra, RNSA og tryggingafélögum. Nokkrir erfiðleikar eru á að nálgast gögn. Hvernig á að mæla m.t.t. að fækka alvarlegum slysum um 5% á ári? ÓR hefur tekið saman tölfræði; alls hafa orðið 108 skipsskaðar frá aldamótum, þar af 65 í hafi en 43 í höfnum. Athuga ber að einhver þessara tjóna ber öll merki um tryggingasvik þó að sönnunarfærsla sé erfið. Um banaslys er samstaða um að viðhafa núllsýn þ.e. að markmiðið sé ávallt að engin banaslys verði.
3. ISM öryggisstjórnunarkerfið – JSE kynnti útboðsgögnin og tilboð Navis. Ljóst að kerfið mun uppfylla kröfur ISM kóðans – ákveðið að hafa tvö tilraunaskip sem jók á kostnaði. Þykir nokkuð dýrt. Ákveðið að fá einnig tilboð frá Verkís ef það kynni að vera hagstæðara. Þ.a. l. Er tilboð Navis bundið trúnaði.
4. Ráðstefnan 27. Sept.
Dagskrár tillaga samþykkt en hún tekur mið af einkunnarorðum IMO í tilefni afmælisins Betri skip og rekstur fyrir bjartari framtíð. Hilmar og Ásta munu hafa samband við þá sem eru nefndir sem fyrirlesarar og ganga frá kostnaðaráætlun.
5. Fjármálin
Nú er búið að ráðstafa um 4,2 m.kr af fjárveitingum ársins. Eftir er að greiða N4 þriðjung af samningsupphæð en verkið gengur vel þó nú séu að verða mannaskipti hjá N4. Þá er eftir kostnaður vegna ráðstefnunnar 27. Nk. Ekki er enn ljóst hvort hægt verður að ráðstafa styrkfé, talið nokkuð ólíklegt sjá undir „önnur mál“.

6. Önnur mál

- a. Styrkumsóknir, alls bárust tvær umsóknir um styrki. Hvorug þeirra þykir koma til móts við væntingar eða þarfir markmiða í öryggisáætlun sjófarenda. Því er báðum umsóknum hafnað. Hefring hefur óskað eftir rökstuðningi og var hann sendur í loka ágúst. Ljóst að styrkurinn var illa kynntur og þarf að vanda betur til og ramma betur inn eftir hverju er verið að sækjast.
- b. Umræða varð í kjölfarið um tilhögun styrkja og varð það niðurstaða fundarins að ramma inn verkefni sem koma til móts við þarfir og kynna td. í nýsköpunarkeppnir háskólanema eða sem möguleg lokaverkefni td. viðvörunarkerfi tengt flotviðvörun, eins fjarvöktunarbúnaður ofl.
- c. Bók í vélstjórnarfræðum. Ráðið hefur ítrekað fjallað um bókina og vanda henni tengdri, m.a. lagt til að aðeins yrði rafræn útgáfa. Aðeins hafa verið ritaðir almennir kaflar og enn eftir að gera öllum nýjungum og tækni skil. Þrátt fyrir umtalsverðar fjárveitingar er talið að enn vanti þ um 3 m.kr. til að ljúka verkinu. Siglingaráð hafnar frekari styrkveitingum til verkefnisins. Frekari vinna við vélstjórnarbók verði ekki á vegum Siglingaráðs. Samgöngustofu sé heimilt að fara með drög vélstjórnarbókar að vild þ.m.t. afhenda aðilum sem áhuga hefðu á að nýta það efni sem fyrir liggur þar sem miklum fjármunum hefur verið varið í gerð bókarinnar.

7. Næsti fundur veður 4. október nk.

ÁP ritaði fundargerð.